



Fundargerð 5. fundar stjórnar SSA 22. janúar 2018

Fundurinn hófst kl. 12.30 í sal Afls í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði.

Boðið var upp á léttan hádegisverð í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Stefán Grímur Rafnsson, Margrét Guðjónsdóttir, Jens Garðar Helgason, Andrés Skúlason, Sigrún Blöndal, Einar Már Sigurðarson varamaður Eyðísar Ásbjörnsdóttur og Svandís Ingólfssdóttir varamaður Hákonar Hanssonar.

Sigrún Blöndal stýrði fundi.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 4. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og undirritunar. Fundargerð 1. fundar samgöngunefndar lögð fram.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 301), SSH (nr. 452), SSS (nr. 724, 725, 726 og 727), FV (15. des.).
- 1.3. Fundargerð 855. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 15. des. 2017.
- 1.4. Fundargerð 41. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
- 1.5. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; a) Staða landsbyggða í Evrópu.

2. Svæðisskipulag

- 2.1. Staða verkefnisins, Skarphéðinn Smári mætir.

3. Sóknaráætlun og áhersluverkefni

- 3.1. Samráðsfundur stýrihóps stjórnarráðsins með fulltrúum landssamtaka.
- 3.2. Skipting fjármagns til úthlutunar. Tillaga um að nýta fjármagn frá síðasta ári.
- 3.3. Samráðsvettvangur – fyrirkomulag.
- 3.4. Áhersluverkefni – skiladagur 19. mars.
- 3.5. Miðstöð menningarfræða – SBl segir frá fundi á Seyðisfirði.
- 3.6. Skýrsla Breiðdalsseturs 2017.

4. Almenningsamgöngur

- 4.1. Samningar vegna almenningsamgangna. Tillaga um að segja samningnum upp eins og önnur landshlutasamtök.

5. Innri málefni SSA

- 5.1. Brú lífeyrissjóður. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála greinir frá.
- 5.2. Húsnæðisáætlun. Staða verkefnisins.
- 5.3. Fjármálaáætlun ríkisins, umsögn SSA.
- 5.4. Kynning ályktana og málefna Austurlands fyrir ráðherrum.

6. Önnur mál.

Að loknum hádegisverði var fundur settur kl. 12:45.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 4. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og undirritunar. Fundargerð 1. fundar samgöngunefndar lögð fram til kynningar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 301), SSH (nr. 452), SSS (nr. 724, 725, 726 og 727), FV (15. des.) lagðar fram til kynningar.
- 1.3. Fundargerð 855. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 15. des. 2017 lögð fram til kynningar.
- 1.4. Fundargerð 41. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál lögð fram til kynningar.
- 1.5. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; a) Staða landsbyggða í Evrópu. Lagt fram til kynningar.

2. Svæðisskipulag

- 2.1. Staða verkefnisins, Skarphéðinn Smári mætti og sagði frá stöðunni. Hann fór yfir drög að verklýsingu svæðisskipulags sem fara til sveitarstjórna til samþykktar.

3. Sóknaráætlun og áhersluverkefni

- 3.1. Samráðsfundur stýrihóps stjórnarráðsins með fulltrúum landssamtaka. Formaður stjórnar ásamt verkefnastjóra sögðu frá fundinum sem haldinn var í Reykjavík 15. janúar.
- 3.2. Skipting fjármagns til úthlutunar. Tillaga um nýtingu fjármagns frá síðasta ári var samþykkt. Farið var yfir minnisblað Signýjar Ormarsdóttur verkefnastjóra og henni falið að koma þeim upplýsingum til fagraða að ónýt fé frá fyrri árum skuli vera nýtt árið 2018. Beiðni frá fagraði menningar verður tekin fyrir undir lið 3.7. Skipting fjármagns til sóknaráætlunar verður óbreytt frá fyrri árum.
- 3.3. Samráðsvettvangur – fyrirkomulag. Stefnt er að stórum íbúafundi og rafrænum vettvangi til skoðanaskipta. Formanni og verkefnastjóra er falið að móta hugmyndir að útfærslu samráðsvettvangsins.
- 3.4. Áhersluverkefni – skiladagur 19. mars. Formanni og verkefnastjóra falið að taka saman yfirlit yfir verkefni og stöðu þeirra fyrir næsta fund. Einnig verða starfsmenn Austurbrúar fengnir til að segja frá stöðu ákveðinna verkefna.
- 3.5. Miðstöð menningarfræða. Formaður sagði frá fundi með bæjarráði Seyðisfjarðar í desember.
- 3.6. Skýrsla Breiðdalssseturs 2017. Lögð fram til kynningar.
- 3.7. Beiðni frá fagraði menningar Uppbyggingarsjóðs Austurlands um að fá að taka umsóknir fyrir í fagraðinu þannig að vanhæfir fulltrúar víki af fundi við mat á þeim umsóknum sem við á er samþykkt enda sé ávallt meirihluti ráðsins hæfur við úrvinnslu umsókna.

4. Almenningsamgöngur

- 4.1. Samningar vegna almenningsamgangna. Stjórn samþykkir að segja upp samningi við Vegagerð ríkisins um almenningsamgöngur og samningi við Strætó bs.

5. Innri málefni SSA

- 5.1. Brú lífeyrissjóður. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála greinir frá því að útistandandi skuld SSA við Brú lífeyrissjóð er 5.524.981 kr. Formanni og verkefnastjóra var falið að ljúka málinu og semja við Brú lífeyrissjóð um greiðslu skuldarinnar.
- 5.2. Húsnaðisáætlun. Jóna Árný Þórðardóttir lýsti stöðu verkefnisins.

- 5.3. Fjármálaáætlun ríkisins, umsögn SSA. Formanni og verkefnastjóra falið að fylgjast með málinu og gera drög að umsögn.
- 5.4. Kynning ályktana og málefna Austurlands fyrir ráðherrum og þingmönnum. Formanni og verkefnastjóra falið að vinna í málinu.

Önnur mál.

Jóna Árný Þórðardóttir sagði frá fundi með nýjum ferðamálastjóra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.15.40

Andrés Skúlason

Einar Már Sigurðarson

Svandís Ingólfssdóttir

Jens Garðar Helgason

Margrét Guðjónsdóttir

Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson